

Reginn hf.
Hagasmári 1
201 Kópavogi

Reykjavík, 14. mars 2018

Breytingartillaga á aðalfundi Regins hf., dags. 14. mars 2018

Eaton Vance Management hefur lagt fram eftirfarandi tillögu til umfjöllunar á aðalfundi félagsins:


„Aðalfundur Reginn hf. samþykkir að félagið skuli skipa tilnefningarnefnd. Aðalfundur felur stjórn Reginn að setja á laggirnar og skipa tilnefningarnefnd í samræmi við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja.“

Gildi-lífeyrissjóður tekur undir það sjónarmið að það geti verið góður kostur að kanna nánar þann möguleika að koma á fót tilnefningarnefnd innan félagsins. Gildi telur á hinn bóginn rétt að hluthafar taki endanlega afstöðu til fyrirkomulags og útfærslu tilnefningarnefndar hjá félaginu og kjósi með beinni kosningu fulltrúa í nefndinni verði slík tillaga samþykkt. Af þessum sökum er lögð til eftirfarandi breytingartillaga við framangreinda tillögu:

„Aðalfundur Regins hf. ályktar að fela stjórn félagsins að undirbúa að koma á fót tilnefningarnefnd innan félagsins í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Tillaga stjórnar að fyrirkomulagi tilnefningarnefndar hjá félaginu og starfsreglur fyrir hana skal borin undir hluthafafund til samþykktar sem halda skal á árinu 2018. Miða skal við að fulltrúar í tilnefningarnefnd séu kosnir með beinni kosningu á hluthafafundi, nema hluthafafundur samþykki það fyrirkomulag að stjórn skipi einn stjórnarmann í nefndina.“

Verði breytingartillaga þessi samþykkt væri stjórn félagsins unnt að boða til hluthafafundar síðar á þessu ári þar sem gert væri ráð fyrir því að hluthafafundur taki afstöðu til þess á grundvelli nánar útfærðrar tillögu hvort taka skuli upp tilnefningarnefnd hjá félaginu. Yrði slík tillaga samþykkt væri æskilegt að tilurð og vinna tilnefningarnefndar myndi nýtast hluthöfum við stjórnarkjör á aðalfundi félagsins á árinu 2019.

Virðingarfyllst,
f.h. Gildis-lífeyrissjóðs



Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri